

Mál nr. 160/2019**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar eiganda vinnuvélarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna stjórnunar vinnuvélar vegna áreksturs 23.1.2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 2.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.5.2019, ásamt höfnunarbrefi V dags. 21.2.2019 og tölvupósti VÍS dags. 26.2.2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem liggur fyrir í málinu, kemur fram að árekstur varð milli vinnuvélarinnar A og bifreiðarinnar B þegar bifreiðinni var ekið á vinnuvélina, en stjórnandi hennar var að moka bifreiðaplan við götuna Suðurhelli. Í lögregluskýrslunni er haft eftir ökumanni B að hann hafi blindast af sól og ekki séð vinnuvélina fyrr en of seint. Haft er eftir stjórnanda vinnuvélarinnar að hann hafi verið að hluta inn á akbraut við moksturinn og með vinnuljós vélarinnar kveikt.

M telur að eigandi vinnuvélarinnar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem vinnuvélinni hafi verið ekið aftur á bak af bifreiðastæði út á akbraut í veg fyrir bifreið hans. Ekki eigi að taka mið af framburði hans hjá lögreglu þar sem hann hafi verið slasaður. M vísar til varúðarskyldu sem kemur fram í 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að ökumenn eigi að gæta sérstakrar varúðar þegar ekið er aftur á bak eða frá brún vegar. Einnig vísar M til 3. mgr. 25. gr. sömu laga varðandi varúðarskyldu þeirra sem aka út af bifreiðastæðum og mótmælir því að ljós á vinnuvélinni hafi verið kveikt.

V vísar til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu um að hann hafi blindast af sól og þannig ekki séð vinnuvélina sem hann ók á. V hefur eftir stjórnanda vinnuvélarinnar að hann hafi verið að aka inn á bifreiðaplan þegar árekstur varð, en ekki verið að aka aftur á bak út af planinu. Engin vitni hafi verið af atvikinu og telur V ekki sannað að árekstur sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um aðdraganda áreksturs, þ.e. hvað það varðar hvort árekstur megi rekja til þess að vinnuvélinni A hafi verið ekið út á akbraut í veg fyrir bifreiðina B eða hvort ökumaður bifreiðarinnar (M) hafi blindast af sól og ekið aftan á vinnuvélina þegar hún var á leið inn á sama bifreiðaplan. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að annar ber skaðabótaskyldu á tjóni sínu skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar. Enginn vitni voru að atvikinu og ber M hallann af sönnunarskortu um þá háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar sem hann heldur fram að hafi verið orsök slyssins. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að áreksturinn verði rakinn til þess að M hafi, sem ökumaður bifreiðarinnar B, blindast af sól, eins og haft er eftir honum í lögregluskýrslu, og þannig ekið aftan á vinnuvélina. M á því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.